



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar/ umsögn

Kópavogi, 11. október 2022
2209048/600.01 SSF

Efni: Umsögn vegna umsóknar um flugeldasölu.

Með bréfi, dags. 1. september 2022, óskaði Gullborg flugelda ehf., kt. 651121-0940, eftir stöðuleyfi fyrir tveimur gámum til flugeldasölu á bílplani austan við íþróttavöll Breiðabliks. Umsóknin var tekin fyrir í bæjarráði þann 8. september 2022 og samþykkt með fimm atkvæðum að vísa erindinu til umsagnar bæjarstjóra.

Fyrirhuguð staðsetning gámanna er lóð í eigu sveitarfélagsins og er því litið svo á að einnig sé óskað eftir notkun á bæjarlandi til flugeldasölu.

I.

Það er yfirlýst markmið bæjarstjórnar Kópavogsbæjar að fylgja 36 yfirmarkmiðum sem eru hluti af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Samþykkt hefur verið að innleiða heimsmarkmiðin í stefnu og starfsemi Kópavogsbæjar og bærinn vinnur markvisst að því að uppfylla þau fyrir árið 2030. Heimsmarkmið 11.6 er að dregið verði úr skaðlegum umhverfisáhrifum meðal annars með því að bæta loftgæði og meðhöndlun úrgangs. Stefna Kópavogsbæjar samanstendur þannig af hlutverki, framtíðarsýn, gildum og yfirmarkmiðum sem fengin eru úr Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Kópavogsbær var fyrsta sveitarfélag á Íslandi til þess að innleiða Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna með formlegum hætti.

II.

Í tengslum við stefnumótum bæjarins var ákveðið að innleiða mælingar á starfsemi sveitarfélagsins samkvæmt ISO staðli um sjálfbærni og hefur Kópavogsbær fengið platínuvottun sem er hæsta mögulega vottun fyrir sjálfbærni. Með því að uppfylla staðalinn er Kópavogur hluti af hópi sveitarfélaga á alþjóðavísu sem öll mæla á sama hátt um 100 vísa sem segja til um félagslegan, efnahagslegan og umhverfislegan árangur sveitarfélagsins.

Í gæðastefnu Kópavogsbæjar frá 23. febrúar 2021 kemur fram að bærinn leitist við að vinna að uppfyllingu heimsmarkmiðanna með markvissum hætti, m.a. með því að nota vottaða mælikvarða samkvæmt ISO 37120: Sjálfbærar borgir og samfélög, vegvísar fyrir þjónustu borga og lífsgæði íbúa.

Í lýðheilsustefnu Kópavogsbæjar kemur fram það yfirmarkmið að Kópavogsbær verði þekktur fyrir að vera lifandi og jákvætt samfélag sem stuðli að vellíðan meðal íbúa á öllum aldurs skeiðum með jöfnuð til heilsu að leiðarljósi. Sjötta meginmarkmið bæjarins undir



lýðheilsustefnunni varðar umhverfi og öryggi en þar kemur fram að áhersla sé lögð á öryggi í umhverfi íbúa og að fylgja stöðlum og reglum þegar kemur að hljóð-, vatns-, og loftmengun.

III.

Þann 13. desember 2018 var lagt fram í bæjarráði erindi um mengun vegna flugelda um áramót ásamt minnisblaði frá heilbrigðiseftirliti um loftgæði frá 2. janúar 2018 (1812447). Í minnisblaðinu, sem kom frá prófessor í umhverfisverkfræði við Háskóla Íslands og prófessor í umhverfis- og auðlindafræði við sama skóla var lýst verulegum áhyggjum af ótakmarkaðri flugeldanotkun og mengun af hennar völdum. Niðurstöður rannsókna sýndu að flugeldamengun um áramót á höfuðborgarsvæðinu væri alvarleg og fyrirséður vandi sem stefndi að óþörfu vellíðan fjölmennra hópa í hættu. Þá kom fram að söluaðilar flugelda hygðust þrátt fyrir niðurstöður rannsókna á menguninni, halda áfram með sama hætti og fyrri ár. Ennfremur að svífryksmengun hafi farið yfir heilsuverndarmörk á nýársdag annað hvert ár sl. 15 ár og áramótin 2017-2018 hafi styrkur svífryks farið 8-falt yfir heilsuverndarmörk í Reykjavík og Kópavogi á nýársdag. Flugeldasvífryk innihaldi eiturefni, m.a. krabbameinsvaldandi efni og þungmálma sem hverfi ekki úr náttúrunni, fólk leiti til bráðamóttöku Landspítalans um hver áramót vegna öndunarörðugleika og um 15-30 þúsund manns þjáist af lungnasjúkdómum og verði að gera sértakar ráðstafanir til að þjáist ekki um hver áramót. (Sjá einnig mál 1809501)

Niðurstöður umhverfisvöktunar Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis á mælingum í lofti frá 2018 (1901032) sýndu að ársmeðaltal svífryks PM_{10} var $9,6 \mu g/m^3$ og sem þótti í samræmi við fyrri ár. Í minnisblaði um mælinguna segir: „Hæst[i mánuðurinn] var hins vegar janúar, en ástæða þess var svífryksmengun sem varð á nýársdag [svo] vegna flugeldaskothríðar um áramót. Væri nýársdag [svo] sleppt úr meðaltalinu, yrði janúarmánuður í lægra meðaltali og PM_{10} meðaltal ársins myndi lækka um $1 \mu g/m^3$ í $8,7 \mu g/m^3$.“ Hæsta meðalgildi dags árið 2018 var á nýársdag og „[l]anghæstu stundargildi PM_{10} mældust á nýársnótt [svo] 1. janúar og mældust þá $3630 \mu g/m^3$ kl. 1 um nóttina í miklu hægviðri og verður líklega seint jafnað.“ Til samanburðar má nefna að [h]æsta stundargildi PM_{10} af náttúrulegum orsökum mældist $133 \mu g/m^3$ þann 9. apríl vegna suðaustan golu og var það líklega vegna sandroks frá suðurströndinni. Til að setja stundargildið $3630 \mu g/m^3$ í samhengi þá mældust allt árið 2018 aðeins 60 stundir yfir $50 \mu g/m^3$ af PM_{10} . Í heildarsamantekt minnisblaðsins um mælingarnar segir: „Svífryk er í hærra meðallagi og hæstu gildi eiga upptök í flugeldaskothríð“.

IV.

Með framangreindar skuldbindingar og markmið í huga og í ljósi niðurstaðna mælinga á loftgæðum er nauðsynlegt að bæjarstjórn taki til skoðunar hlutverk sveitarfélagsins og framlag til þeirrar loftmengunar og heilsufarsvárs sem hlýst af notkun flugelda. Síðustu ár hefur framlagið einkum falist í því að veita óhagnaðardrífnum félagasamtökum, Hjálparsveit



skáta í Kópavogi, leyfi til flugeldasölu og flugeldasýninga. Umsókn Gullborgar flugelda ehf. er fyrsta umsókn sem bænum berst, frá öðrum en óhagnaðardrifnum félagasamtökum, um sölu flugelda og stöðuleyfi á bæjarlandi. Verði umsóknin samþykkt þá væri sveitarfélagið að ganga lengra en áður hefur verið gengið og væri það í átt að aukningu leyfisveitinga sem væri í andstöðu við framangreindar skuldbindingar og markmið sem sveitarstjórn hefur samþykkt.

Það er verkefni sveitarstjórnar að setja reglur um leyfisveitingarnar þar sem meðalhófs verði gætt milli sjónarmiða um notkun flugelda og skaðlegra umhverfisáhrifa. Slíkar reglur eru í bígærð en hagnaðardrifin starfsemi hefur aldrei verið veitt leyfi til sölu flugelda á bæjarlandi. Ekki er æskilegt að víkja frá þeim reglum og sjónarmiðum sem mótast hafa í framkvæmd hingað til nema það verði gert á grundvelli settra reglna að undangenginni umfjöllun og umræðum innan bæjarstjórnar.

Undirritaður mælir með að umsókn verði hafnað að svo stöddu.

Kópavogi, 11. október 2022.

Virðingarfyllst,

Steinn Sigríðar Finnbogason
Lögfræðingur

